



Varnarmálaráðuneyti  
Varnarmálaráðherra

## Svar við spurningum Norðurlandaráðs

- 1. Mun nýja Nordefco-framtíðarsýnin einnig hafa í för með sér nýja línu á öðrum sviðum, þannig að Norðurlöndin muni í auknum mæli líta á hvert annað sem bandamenn?**

Framtíðarsýn Nordefco fyrir árið 2030 beinir áherslu að norrænu varnarmálasamstarfi og engin bein tenging er við önnur svið sem ekki snúa að heildarvörnum. Aftur á móti getur framtíðarsýnin fyrir árið 2030 óbeint dýpkað þekkingu á öðrum sviðum.

Framtíðarsýnin vekur meðal annars athygli á mikilvægi aukins samstarfs um hernaðarlegan hreyfanleika og heildarvarnir, sem getur svo leitt til aukinnar þekkingarmiðlunar á öðrum sviðum.

- 2. Til hvaða aðgerða munu ríkisstjórnir Norðurlanda grípa til að efla sameiginlegan skilning á stöðumynd á Norðurlöndum, ekki aðeins á sviði hernaðar heldur einnig á öðrum sviðum?**

Norrænu löndin funda reglulega á hernaðar- og stefnumótunarstigi innan ramma norræns varnarmálasamstarfs. Miðlun til að efla sameiginlegan skilning á stöðu mála er endurtekið þema í slíkum viðræðum. Einnig er krísusamráðsferlið sem Svíþjóð setti á laggirnar á formennskuári sínu í Nordefco 2019 mikilvægt hvað þetta varðar og mikið notað. Auk formlegra funda er einnig stöðugt samráð á öllum stigum til að tryggja sameiginlegan skilning á stöðu.

### **3. Hvaða augum líta ríkisstjórnirnar á vægi norrænu þjóðþinganna – og hlutverk Norðurlandaráðs – fyrir hina sameiginlegu stöðumynd?**

Norðurlandaráð og norræna samstarfið gegna mikilvægu hlutverki til að mæta öryggisþólitískum áskorunum á grannsvæðum okkar. Miðlun milli þjóðþinga stuðlar að sameiginlegri stöðumynd um þau málefni sem þjóðþingin starfa að. Norðurlandaráð gegnir að þessu leyti mikilvægu hlutverki með stofnanavæddri miðlun innan þeirra málefna sem ráðið fjallar um.

Pål Jonson